

komudagur 1.12.197

Tillaga að 1. og 2. gr. frumvarpsins

1. gr.

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris ævilangt vegna elli og örorku auk maka- og barnalífeyris skv. ákvæðum þessara laga.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila skv. samningi um viðbótar tryggingavernd.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

2. gr.

Iðgjald til öflunar lágmarks lífeyrisréttinda skal ákveðið í sérlægum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni. Iðgjald umfram það er viðbótariðgjald.

Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds svo og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og atvinnurekanda fer að öðru leyti eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarksjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlægum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfsgjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóð skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi launamanns við atvinnurekanda.

Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

Athugasemdir við 2. gr.

Í 1. mgr. segir hvernig iðgjald til öflunar lágmarks lífeyrisréttinda skuli ákveðið og að lágmarksiðgjald skuli ekki vera lægra en 10% af iðgjaldsstofni. Ákvæði þetta er óbreytt að efni til frá gildandi lögum um starfsgjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55 frá 9. Júní 1980. Þar var lögbundið lágmark í samræmi við ákvæði almennra kjarasamninga þar um enda hafa iðgjöld til lífeyrissjóðs og skipting þess milli atvinnurekanda og launþega verið ákveðin í kjarasamningum. Iðgjaldsskyldan varð fyrst almenn með kjarasamningum verkalýðsfélaganna og samtaka vinnuveitenda 1969. Þau voru í upphafi 2,5% af föstu kaupum en hafa verið hækkuð í áföngum í 10% af öllum launum og kom síðasti áfanginn til framkvæmda í ársbyrjun 1990. Hér er lágmarksiðgjald lögbundið og iðgjald umfram það skilgreint sem viðbótariðgjald. Í ýmsum kjarasamningum er kveðið á um slík viðbótariðgjöld m.a. samnignum bankamanna og viðsemjenda þeirra og enn fremur er slíkt iðgjald ákveðið í sérlægum, sbr. lög um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Þá hefur færst í vöxt að í ráðningarsamningum sé kveðið á um greiðslu viðbótariðgjalds.

Í 2. mgr. er kveðið á um aðild að lífeyrissjóðum. Skv. gildandi lögum er öllum launamönnum og sjálfstæðum atvinnurekendum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Þessi skipan tekur mið af því að lífeyrissjóðir eru yfirleitt starfstengdir og voru stofnaðir með kjarasamningum. Sjóðirnir veita hóptrýggingu og því er nauðsynlegt að skilgreina hópinn sem ætlað er að jafna áhættu innan sinna vébanda. Sjóðirnir voru framan af mjög margir og að sama skapi litlir en hefur fækkað verulega síðustu árin. Skilgreining á aðild fylgir í höfuðdráttum ákvæðum í kjarasamningum, þar sem samið er um iðgjaldsskiptingu og eiga einstök stéttarfélög aðild að tilteknum lífeyrissjóð sem kjarasamningurinn þá visar til. Sjóðirnir eru ýmist bundnir við tiltekna starfsgrein eða greinar og þá yfirleitt á öllu landinu, við tilekna landshluta eða fyrirtæki og hóp fyrirtækja. Síðustu

árin hefur komið upp ágreiningur um þessa skipan og hefur hann einkum tengst stöðu sjálfstætt starfandi manna, sem skv. gildandi lögum hefur verið skylt að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs tiltekinnar starfsstéttar. Þetta hefur einkum verið gagnrýnt þegar um er að tefla menn sem ekki byggja kjör sín á kjarasamningum.

Þótt viðurkennt sé að hóþrygging lífeyrissjóðanna sé mikilvæg forsenda þess, að sjóðfélagar í lífeyrissjóðum njóti jafnræðis í réttindaávinnslu og að vandséð er hvern veg því markmiði yrði náð með einstaklingsbundinni aðild að sjóðunum, er grunvöllur að starfsemi lífeyrissjóðanna ekki við það bundinn að þvinga sjálfstætt starfandi menn til aðildar að tilteknum sjóði. Hitt er ljóst að lífeyrismál hafa verið á samningsforræði aðila vinnumarkaðarins og ekki eru forsendur til að hlutast til um þá skipan. Því þykir eðlilegt að staðfesta að meginlinur aðildar verði áfram starfstengdar og þá þannig að það fari eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein. Þetta er nokkur þrenging á aðildarskyldu frá því sem felst í gildandi lögum og miðar að því að fækka ágreiningsefnum. Breytingin frá gildandi lögum er sú að draga fram að aðildarskylda skv. kjarasamningi getur ekki tekið til annarra starfssviða en samningurinn tekur til. Hún nær þannig almennt til launamanna en á hinn bóginn er ljóst að kjarasamningar taka að jafnaði ekki til æðri stjórnenda í atvinnufyrirtækjum. Þeir hafa því val um það í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Þá leiðir orðalag ákvæðisins einnig til þess aðild verður ekki þvinguð fram á þeim grundvelli einum að einstaklingur hafi lokið tilteknu námi, ef hann starfar á ekki sem slíkur. Loks er ákveðið að starfi einstaklingur án þess að ráðningarbundin starfskjör grundvallist að nokkru leyti á kjarasamningi, þá sé hann óbundinn að aðild að tilteknum lífeyrissjóð. Allt er þetta í eðlilegu samhengi við þá almennu afstöðu að lífeyrisskjör og þar með aðild að lífeyrissjóð séu hluti starfskjara og séu þau byggð á kjarasamningi þá fari um lífeyrissjóðaáild skv. því. Í þessu sambandi er þó vert að áréttta að venjur tengjast framkvæmd kjarasamninga og þótt ekki séu t.d. skýr ákvæði í kjarasamningi um aðild að tilteknum lífeyrissjóð þá verða ákvæði um greiðsluskyldu atvinnurekanda skýrð í samræmi við fyrri framkvæmd. Gildir þetta ekki sist um lífeyrissjóði sem starfsmenn sveitarfélaga hafa greitt til.